

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar, tímabundið eða varanlega.

1. Inngangur

- 1.1. Tímabundin rekstrarstöðvun.** Ef rekstur verksmiðju stöðvast um 1 til 6 mánuði, þá er ákveðið að hefja rekstur aftur.
- 1.2. Varanleg rekstrarstöðvun.** Ákvörðun tekin um að stöðva rekstur verksmiðju fyrir full og allt og engar fyrirætlanir um að hefja aftur starfssemi.
- 1.3. Um áætlun.** Efnisþættir áætlunarinnar gilda fyrst og fremst um tímabundna rekstrarstöðvun. Hins vegar ef um er að ræða varanlega rekstrarstöðvun, þá eru efnisþættir þessarar áætlunar hafðir til hliðsjónar við gerð verkefnaáætlunar.
- 1.4. Markmið.** Lágmarka eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif.

2. Framkvæmd

- 2.1.** Ákvörðun kynnt. Rekstrarstöðvun skal tilkynnt með eins miklum fyrirvara og unnt er. Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar, slökkviliðs og Kópavogsbæjar. Ábyrgð framkvæmdarstjóri.
- 2.2.** Verksmiðju- og framkvæmdarstjóri munu eftir fremsta megni hafa gott samráð við Kópavogsbæ og Umhverfisstofnun við framkvæmd verksins. Ábyrgð framkvæmdarstjóri.
- 2.3.** Húsnæði. Hús verða lokuð, þ.a. hvorki dýr né óviðkomandi hafi aðgang að því. Gengið verður frá vatni og niðurföllum að ekki sé hætta á mengun. Gengið svo frá rafmagni að ekki sé hætta á íkveikju. Ábyrgð verksmiðjustjóri.
- 2.4.** Tæki. Komi til tímabundinnar stöðvunar á rekstri verður tekið rafmagn af tækjum og þau stillt þ.a. engin mengun verður af þeirra völdum. Ábyrgð verksmiðjustjóri.
- 2.5.** Vatnslagnir og aðrar lagnir. Verða tæmdar svo ekki komi til frostsKemmda og/eða leka. Ábyrgð verksmiðjustjóri.
- 2.6.** Hráefni og rekstrarvörur. Við tímabundna rekstrarstöðvun er gengið tryggilega frá öllum hráefnum í húsakynnum félagsins. Þau efni sem þola ekki geymslu verður fargað til viðurkenndra förgunaraðila. Ef um varanlega rekstrarstöðvun er að ræða verður reynt að

skila og/eða selja nýtanleg hráefni. Öðru verður fargað á viðurkenndum förgunarstað. Tryggt verður að engin mengandi efni verði eftir á staðnum. Ábyrgð verksmiðjustjóri.

2.7. Lóð. Ef um tímabundna rekstrarstöðvun er um að ræða skal fjarlægja allt lauslegt af lóð eða það fest. Gengið verður svo frá hlutum að þeir skapi ekki slyshættu; s.s. ef börn komast inn á lóðina.

2.7.1. Öll efni verða fjarlægð, svo og lausamunir.

2.7.2. Aðgangsstýring á hliði verður elfd og girðing yfirfarin með rekstrarstöðvun í huga.

2.7.3. Gengið verður snyrtilega frá öllu og allt rusl hreinsað.

2.7.4. Nákvæmari útfærsla á frágangi á lóð vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar verður gerð í samráði við bæjaryfirvöld, slökkvilið og Umhverfisstofnun. Fengin verður óháður aðili til að leggja mat á frágang, svo og aðili frá UST. Ábyrgð verksmiðjustjóri.

2.8. Ef um varanlega rekstrarstöðvun er um að ræða;

2.8.1. Allur búnaður fjarlægður af lóð, honum fargað eða hann seldur sem ekki verður seldur áfram sem hluti af húsnæði.

2.8.2. Tankar verða fjarlægðir, sem og gámar.

2.8.3. Efnalát verða fjarlægð, þau hreinsuð þá fargað eða þau seld.

2.8.4. Frekari áætlun um frágang á lóð verður gerð m.t.t. þess reksturs sem á eftir kemur. Ábyrgð verksmiðjustjóri.

2.9. Tilkynningar um tímabundna- eða varnalega rekstrarstöðvun. Tilkynna skal Umhverfisstofnun, hafnaryfirvöldum, slökkviliði og heilbrigðiseftirliti Hafnafjarðar og Kópavogssvæðis þegar rekstur hefur verið formlega stöðvaður. Ábyrgð framkvæmdarstjóri.

Ritstýrt af Gísla Guðmundssyni
Í gildi frá 01.11.2015
Endurskoðun nóvember hvert ár.
Útgáfa nr 2.